



## Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 21.3.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **USK - Árbær, hverfi 7.3 Selás - breyting á hverfisskipulagi - Selásbraut 98 - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. mars 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. mars 2024 á tillögu að breytingu á hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.3. Selás, vegna lóðarinnar nr. 98 við Selásbraut, ásamt fylgiskjölum.  
Samþykkt.

Björn Axelsson og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- Kl. 9:19 taka borgarstjóri og Björg Magnúsdóttir sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í tveimur auglýsingarumferðum berast sambærilegar athugasemdir frá fólki og lúta þær að fjölda íbúða, byggingarmagn og aukna umferð. Þolir lóðin þennan íbúðafjölda? Skipulagsfulltrúi hefur svör á reiðum höndum við öllum athugasemdum. Ein innkeyrsla er færð til að koma til móts við athugasemdir/ábendingu en annað stendur óhaggað, þar með uppbygging á lóð og fjöldi bílastæða. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sem þetta samráðsferli geti varla verið alvöru því nánast ekkert sem fólk bendir á að þurfi að laga nær fram að ganga. Þannig er það í flestum sambærilegum málum

Helga Björk Laxdal  
e.u.